

202102099 - Starfsemi Grænuvalla

Greinargerð

Samkvæmt starfsreglum leikskóla Norðurbings sem voru endurskoðaðar og uppfærðar á 79. fundi fjölskylduráðs 23. nóvember 2020 og staðfestar í sveitarstjórn Norðurbings 1. desember 2020 er leikskólanám að jafnaði í boði fyrir börn sem hafa náð eins árs aldri í ágúst og svo aftur í janúar árið eftir. Þar er tekið fram að ekki er unnt að tryggja öllum börnum leikskólanám við eins árs aldur en það veltur á hlutum eins og t.d. plássi á leikskólanum, starfsmannahaldi o.fl. Einnig kemur fram að þegar aðstæður leyfa eru yngstu börn aðlöguð á leikskólann þrisvar til fjórum sinum á ári. En hvað gerist þegar aðstæður leyfa ekki og hvenær fá foreldrar upplýsingar um hvort að slíkar aðstæður séu fyrir hendi eða ekki?

Eðli málsins samkvæmt hafa aðlaganir síðustu mánuði verið með óhefðbundnum hætti útaf covid sem hefur litað síðasta ár hjá okkur að svo mörgu leyti.

Nú er því uppi sú staða á Grænuvöllum að börn sem eru fædd í upphafi árs 2020 eru ekki að komast inn á leikskóla fyrr en í ágúst 2021, þá orðin allt að 20 mánaða gömul. Þegar foreldrar hafa leitað svara hefur það til dæmis verið stuðst við þau rök að um plássleysi sé að ræða inn á leikskólanum. Við óformlega athugun undirritaðra kemur það samt ekki heim og saman við fjölda krakka sem eru að útskrifast og fjölda þeirra sem eru að koma inn. Það getur þó vissulega verið að aðrir hluti eins og skipulag innan leikskólans spili líka hlutverk. Miðað við minnisblað leikskólastjóra skýrist þetta aðallega af starfsmannahaldi og álagi innan skólans.

Ljóst er að engar dagmömmur eru í boði á Húsavík, enginn sérstakur ungbarnaleikskóli eða heimgreiðslur til foreldra í boði þannig að það er ekkert úrræði sem foreldrar geta leitað í annað en að skipta fæðingarorlofsrétti sínum niður á fleiri mánuði með tilheyrandi tekjuskerðingu, þ.e.a.s. ef þau vita af þessu áður en þau sækja um greiðslur úr fæðingarorlofssjóði (áður en barnið fæðist). Ef foreldrar hafa ekki vitneskju um þetta með slíkum fyrirvara eru þau tekjulaus að loknum sínum 12 mánuðum. Það er ekki beint álitlegur kostur fyrir fólk á barneignaraldri þar sem foreldrar eiga einungis rétt á greiðslum úr fæðingarorlofssjóði sem nema 80% af meðaltekjum þeirra. Viðmiðunartímabilið við útreikning á þessum greiðslum til foreldra er 12 mánaða samfellt tímabíll sem lýkur 6 almanaxsmánuðum fyrir fæðingarmánuð barns. Það er því ljóst að allar fjölskyldur verða fyrir tekjuskerðingu á meðan orlofstíma stendur jafnvel þótt orlofinu sé ekki dreift á fleiri mánuði en einstaklingur á rétt á.

Því ber að fagna að ríkisstjórnin hefur lengt fæðingarorlof í 12 mánuði og er fyrirkomulagið núna þannig að hvort foreldri um sig á rétt á 6 mánuðum og eru 6 vikur framseljanlegar. Það getur verið misjafnt á milli heimila hvernig forgangsröðun er og hvað henti hverri fjölskyldu fyrir sig. En samt er nokkuð ljóst að það myndast einhverskonar millibilsástand eftir að orlofi lýkur og þar til barn fer í dagvistun.

Foreldrar skipuleggja orlofið áður en barnið fæðist. Það þarf að tilkynna vinnuveitanda hvernig því verður skipt niður og hvenær von er á foreldrinu aftur í vinnu. Oft er verið að ráða inn í stað fyrir viðkomandi sem allt er eðlilegur gangur lífsins en þetta eru allt hlutir sem þurfa að liggja fyrir áður en barnið fæðist. Foreldrar eru hins vegar í flestum tilfellum bara að giska á hvenær barnið komist inn í dagvistun og vona í raun það besta. Eins og staðan er núna eru foreldrir að fá að vita með mánaðar fyrirvara hvort að barnið komist inn á leikskóla eða ekki. Ekkert er fast í hendi hvenær aðlaganir eru og hversu margar á ári. Það sem flestir foreldrar óska eftir er meiri fyrirsjáanleiki í ferlinu og væri það mikill kostur bæði fyrir foreldra og ekki síður starfsfólk leikskólans ef hægt væri að festa niður ákveðinn fjölda aðlagana á ári.

Samkvæmt málefнасamning um meirihlutasamstarf D, V og S um stjórnun sveitarfélagsins Norðurþings á kjörtímabilinu 2018-2022 er tilgreint sérstaklega að tryggja skuli úrræði fyrir börn eftir að fæðingarorlofi lýkur og halda okkur við að inntökualdur leikskólabarna í Norðurþingi verði um 12 mánaða aldur.

Mín spurning er því þessi, hvernig ætlar sveitarfélagið Norðurþing að bregðast við þessari stöðu sem komin er upp á Grænuvöllum og hvernig ætlar sveitarfélagið að tryggja einhverskonar úrræði sem tekur við að loknu fæðingarorlofi?

Tillaga:

Í ljósi þessara stöðu sem er uppi að við erum ekki að ná að tryggja öllum börnum sem hafa náð eins árs aldri leikskólavist og ekkert annað úrræði er í boði á vegum sveitarfélagsins til að brúa bilið að loknu fæðingarorlofi, legg ég til að fjölskylduráð muni á fundi sínum í maí, í samráði við fræðslufulltrúa og leikskólastjóra, skoða alla þá möguleika sem í boði eru til að tryggja einhverskonar úrræði á vegum sveitarfélagsins að loknu fæðingarorlofi. Þau úrræði geta til dæmis verið sérstök ungbarnadeild á leikskólanum, dagmömmur, heimgreiðslur til foreldra eða fastur fjöldi aðlaganna á ári sem tryggir öllum börnum yngri en 15/16 mánaða pláss. Markmiðið ætti að vera meiri fyrirsjáanleiki sem tryggir betur samspil fjölskyldu- og atvinnulífs.

Hafrún Olgeirsdóttir